

Viðtakandi: Íbúaráð Grafarvogs

Sendandi: Árni Guðmundsson, fulltrúi íbúasamtaka í íbúaráði Grafarvogs

Efni: Erindi fulltrúa íbúasamtaka í íbúaráði Grafarvogs um umgengni og umgjörð í kringum grenndargáma í Grafarvogi.

Frá því grenndargámastöðvar voru settar upp fyrir nokkrum árum hefur notkun þeirra vaxið jafnt og þétt. Almenningsur er orðinn meðvitaðri og viljugri um nauðsyn flokkunar úrgangs og eins er flokkun orðin að „hefðbundnu“ ferli hjá velflestum á fáum árum.

Sannast máltækið „sígandi lukka er best“ vel í þessu enda óheppilegt að keyra veigamiklar breytingar í gegn með offorsi sem kunnugt er.

Mjög margir notfæra sér því þessar grenndarstöðvar frekar en að safna fjölda flokkunartunna við heimili sín. Í Grafarvogi er hlutfall sérbýla hátt og því svolítið sérkennilegt ef flestir væru með 3-4 sorptunnur.

Þónokkur umræða hefur verið um nokkra hríð um að bæta mætti þessar grenndarstöðvar, búa þeim snyrtilegt umhverfi, samræma og merkja tegundir flokkana og upplýsa um losunardaga. eins þyrfti að lýsa þær betur og mögulega koma upp myndeftirliti þar sem umgengni er ábótavant. Eins þyrfti að fjölga stöðvum þar sem álagið er mest.

Tillaga sem rædd hefur verið í stjórn og tengslaneti stjórnar Íbúasamtaka Grafarvogs er að smíða skýli utanum stöðvarnar, á svipaðan hátt og er t.d. við Rofabæ í Árbæjarhverfi.

Mynd frá grenndarstöðinni við Rofabæ:

Þetta er frekar einföld smíði og mætti hugsa sér að slíkt yrði unnið sem samfélagsverkefni t.d. með vinnuskóla og eða með sumarsmiðju :



Mynd frá Sporhömrum :

Umgengni er oft á tíðum slæm, erfitt er að koma í veg fyrir slíkt en bætt umgjörð, lýsing, merkingar og myndeftirlit myndi klárlega laga stöðuna verulega :



Hér er önnur mynd frá Sporhömrum, einfalt er að laga ásýndina verulega með einfaldri umgjörð, bæta lýsingu og merkingar :



Hér er svo mynd af grenndargámum við Dalhús, þarna er skuggsýnt, engin lýsing og því er mjög oft verulega ósnyrtilégt þarna. Ástandið ver þó mjög gott þarna þegar myndin ver tekin en ásýndin myndi batna verulega með snyrtilégri umgjörð, lýsingu og merkingum.



Á flestum stöðvunum eru gámar fyrir plastúrgang, pappír og gler auk gáma til söfnunar á dósum og fatnaði. Á einstöku stað eru gámar fyrir málma, slíkir mættu vera víðar. Síðast þegar ég vissi var einungis ein grenndarstöð í Grafarvogi með málmgám, þe. við Olífstöðina Gullinbrú.